

## Forsætisnefnd

Ár 2019, föstudaginn 27. september, var haldinn vinufundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Fógetastofu, Hotel Centrum Aðalstræti 16 og hófst kl. 13:00. Viðstödd voru Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Eyþór Laxdal Arnalds, Dóra Magnúsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Alexandra Briem, Elín Oddný Sigurðardóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Vigdís Hauksdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Ívar Vincent Smárason og Helga Björk Laxdal sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fara umræður um vinnuaðstöðu borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12. Hvaða kröfur gera borgarfulltrúar til vinnuaðstöðunnar og hvaða breytingar vilja borgarfulltrúar leggja áherslu á, ef einhverjar eru.
2. Fram fara umræður um fyrirkomulag borgarstjórnarfunda. Í umræðunum var rætt um þau markmið sem borgarfulltrúar vilja fá út úr borgarstjórnarfundum. Markmiðin snúa að skilvirkni, athygli almennings, lengd, framkomu og öllu sem viðkemur borgarstjórnarfundum.
3. Fram fer kynning forseta borgarstjórnar á samanburði fyrirkomulagi sveitarstjórnarfunda við önnur sveitarfélög s.s. lengd funda og takmarkanir á ræðutíma.
4. Fram fara umræður um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi borgarstjórnarfunda.

Forsætisnefnd ásamt áheyrnarfulltrúum samþykkir svohljóðandi tilmæli:

Við mælumst til að breytingartillögur og málsmeðferðartillögur (aðrar en frávísunartillögur) á næstu tveimur fundum borgarstjórnar komi fram eins fljótt og hægt er, helst í fyrstu ræðu viðkomandi flokks eða hóps.

Við mælumst til að fólk taki ekki til máls einungis til að vera með málalengingar; endurtaka sjónarmið sem þegar hafa komið fram eða taka undir skoðanir annarra, innan sama flokks eða hóps.

**Fundi slitið kl. 16:00**